



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
101 Reykjavík

Borg, 9. október 2025

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afmörkun á uppbyggingu vindorkuvera, 71. mál

Vísað er til tilkynningar stjórnvalda, dags. 26. september sl., þar sem óskað var eftir umsögnum um tillögu til þingsályktunar um afmörkun á uppbyggingu vindorkuvera, 71. mál.

Í tillögu til þingsályktunar um afmörkun á uppbyggingu vindorkuvera segir „Alþingi ályktar að fela umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að móta stefnu sem leggur grunn að afmörkun á uppbyggingu vindorkuvera á Íslandi í ljósi áhrifa þeirra á náttúru og vistkerfi. Í stefnunni skal koma fram skýr afmörkun landsvæða þar sem reisa má vindorkuver, hversu umfangsmikil þau megi vera á hverju svæði fyrir sig, hvaða markmið þau eigi að styðja, ásamt sjónarmiðum um eignarhald og áhrif á samfélagið. Stefnan skal leggja grunn að því að uppbygging vindorku sé unnin í skrefum á grunni varúðar og lærdóms með langtímahagsmuni þjóðarinnar í huga.“

Sveitarfélagið Grímsnes- og Grafningshreppur tekur undir það að vinna þarf heildræna stefnu um það hvar uppbygging vindorkuvera eigi að vera. Sveitarfélagið vill áréttta það að skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögunum og að sveitarfélögin í landinu þurfi að fá aðkomu að þessari vinnu verði af henni en líklegt er að þessi vinna þurfi að eiga sér stað innan sveitarfélaganna líka.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar


SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPS
Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri